

kemur eftir dómsuppkvaðningu, með sama lettri í fyrirsögn og á jafnáberandi stað og valin var ritsmíð Skúla Benedikts-sonar í Morgunblaðinu hinn 11. nóvember 1975.

Þriðjudaginn 2. maí 1978.

Nr. 109/1977. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)

gegn

Andrési Þórðarsyni

(Árni Guðjónsson hrl.).

Tollgagabrot. Sýknað af ákæru um skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsen.

Telja verður sannað í máli þessu, að bifreið sú, sem ákærði flutti hingað til lands í september 1974, hafi verið af gerðinni Opel Commadore, en eigi af gerðinni „Opel Rekord“, svo sem greinir í aðflutningsskýrslu þeirri, sem lögð var fyrir tollgæslufirvöld við innflutning bifreiðarinnar og ákærði undirritaði.

I.

Ákæra fyrir brot á 1. málsg. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er sakaður um að hafa beitt fyrir sig þremur skjölum, sem fölsuð hafi verið, sem fylgiskjölum með aðflutningsskýrslu, er hann undirritaði 7. október 1974 og lögð var af hans hálfu fyrir tollgæslufirvöld hér á landi. Fyrir Hæstarétti er það eigi meðal ákæruefna samkvæmt yfirlýsingu rikissaksóknara, að ákærði hafi sjálfur breytt efni skjalanna, en hins vegar hafi honum verið kunnugt um breytingar og allt

um það eigi skirrst við að nota skjölin með þeim hætti sem greint var. Af málflutningi ríkissaksóknara fyrir Hæstarétti varð ráðið, að fallið var frá ákæru vegna breytingar á „grindarnúmersplötu“.

Í álitserð Maríu Bergmann skriftarsérfræðings, sem tekin er upp í héraðsdóm, er lýst athugun á einstökum skjölum, sem ákæran lýtur að. Hér er um þrjú skjöl að ræða. Af tveimur þeirra, kaupsamningi (héraðsdómsskjöl VII og XIX) og reikningi (héraðsdómsskjöl VII og XVIII) eru tvö eintök til af hvoru skjali um sig, en þriðja skjalið, skoðunarvottorð (héraðsdómsskjöl XIII), er aðeins lagt fram í einu eintaki. Kaupsamningur frá 16. maí 1974 og reikningur frá sama degi stafa samkv. texta sínum frá bifreiðasölu þeirri í München, sem annaðist sölu á bifreið til ákærða í maí 1974, en skoðunarvottorð stafar frá lögregluþyrfdum í München samkv. texta skjalsins.

1. Í eintaki kaupsamnings, sem bifreiðasalan er talin hafa haldið eftir og fram hefur verið lagður, standa orðin „Commodore-Automatic“, þar sem tilgreind er tegund hinnar seldu bifreiðar. Á afriti kaupsamningsins, sem lagt var fyrir tollþyrfd í október 1974, telur skriftarsérfræðingurinn, að „strokað“ hafi verið „út það, sem í fyrstu hefur verið ritað, og orðið Record ritað í þess stað mjög laust“. Eigi er gerður samiburður á rithönd ákærða og á þessu ritaða orði.

2. Í ljósrituðum eintökum af reikningi um bílakaupin stendur í eintaki, sem talið er komið frá bifreiðasölunni, orðin „Ausführung Commodore“. Í eintaki, sem lagt var fram af hálfu ákærða við innflutning bifreiðar, „hefur það, sem stendur á eftir orðunum Ausführung, verið strokað út og orðið Record sett í staðinn“, svo sem segir í framangreindri álitserð skriftarsérfræðingsins.

3. Af þriðja skjalinu, skoðunarvottorði, hefur aðeins verið lagt fram eitt eintak, héraðsdómsskjöl XIII. Telur skriftarsérfræðingurinn, að orðið „Record“ sé ritað með ritvél á tveimur stöðum í þessu skjali, en strokað hafi verið út það, sem þar var ritað fyrir. Í álitserð sérfræðingsins, sem ekki hefur staðfest hana fyrir dómi, segir, að sama ritvélin hafi verið notuð til að rita orð þetta á tveimur stöðum í héraðs-

dómsskjali XIII, en eigi hafi verið notuð sama ritvél við breytingar á héraðsdómsskjali VII og héraðsdómsskjali XIII.

Ákærði, sem er flugvirki, kveðst hafa átt bifreið af gerðinni Opel Rekord á árabílinu 1961—1963. Bifreið þá, er hann flutti inn í september 1974, hafði hann þá átt og notað u. þ. b. 4 mánuði. Honum gat vart dulist, að bifreið þessi væri eigi af gerðinni Opel Rekord og að rangt væri hermt í framangreindum skjölum um tegund bifreiðarinnar. Eigi hafa verið lögð fram gögn um það í málinu, hvernig á breytingunum stendur, þ. á m. hafa forráðamenn bifreiðasölnunnar þýsku eigi verið yfirheyrðir. Ákærði neitar því staðfastlega, að sér hafi verið kunnugt um breytingu þessa. Ekki er sannað með gögnum máls, að honum hafi verið kunnugt um, að skjölum þessum hafi verið breytt án heimildar útgefanda, og verður að sýkna hann af þessum þætti ákærunnar.

II.

**Ákæra um brot á 2. málsg. 63. gr.
laga nr. 59/1969.**

Með vísan til framanritaðs verður að leggja til grundvallar, að ákærði hafi mátt vita, að bifreiðin var eigi af gerðinni Opel Rekord. Í aðflutningsskýrslu þeirri, er hann undirritaði, var tegund hinnar innfluttu bifreiðar ranglega tilgreind. Verður að telja, að ákærði hafi undirritað skýrsluna og notað hana svo úr garði gerða í því skyni, að tollgjöld af bifreiðinni yrðu lægri en lög kveða á um. Övefengt er, að tollgjald varð 92.425 krónum lægra svo sem það var ákveðið á grundvelli aðflutningsskýrslu ákærða en ella hefði orðið. Með atferli sínu þykir ákærði hafa brotið gegn 2. málsg. 63. gr. laga nr. 59/1969. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 70.000 krónur.

Það athugast, að ástæða hefði verið til þess að kveðja fyrir dóm þá Ingólf Guðmundsson og Jóhann Ögmundsson svo og framangreindan skriftarsérfræðing.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Andrés Þórðarson, sæti 100.000 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og afplánist sektin með 8 daga varðhaldi, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. febrúar 1977.

Ár 1977, föstudaginn 11. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 89/1977: Ákærvaldið gegn Andrési Þórðarsyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. maí 1976, gegn ákærða, „Andrésí Þórðarsyni, flugvirkja, Efsta-landi 22, Reykjavík, fæddum 16. október 1940 að Hléskógum, Suður-Þingeyjarsýslu, fyrir að hafa í framhaldi af kaupum sínum í Vestur-Þýskalandi á notaðri bifreið af Opel Commadore gerð, árgerð 1971, í maímánuði 1974 breytt tegundarheiti bifreiðarinnar í Opel Rekord á afriti af kaupsamningi fyrir bifreiðina, reikningi yfir kaupverð bifreiðarinnar, skoðunarvottorði og grindarnúmerisplötu bifreiðarinnar í því skyni að blekkja toll- eftirlitið í Reykjavík og orka þannig á útreikning aðflutnings- gjalda fyrir bifreiðina til lækkunar. Bifreiðin kom til Reykja- víkur með m/s Írafossi 24. september 1974, og afhenti ákærði tollstjóraembættinu í Reykjavík aðflutningsskýrslu, dagsetta 7. október 1974, þar sem hann tilgreindi tegundarheiti bifreiðar- innar Opel Rekord, ásamt fyrrgreindum skjölum varðandi bifreið- ina, í því skyni að fá reiknuð út aðflutningsgjöld af bifreiðinni,

sem gátu numið kr. 92.425 lægri fjárhæð en ella hefði átt að vera.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 63. gr. laga um tollheimtu og tolleftrilít nr. 59/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða undirgekkst hann með dómsátt 4. október 1962 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Með bréfi, dagsettu 17. október 1974, kærði tollgæslustjóri út af innflutningi ákærða, Andrésar Þórðarsonar, á Opel bifreið. Kærunni fylgdu skýrsla tollgæslunnar og aðflutningsskjöl frá ákærða fyrir bifreiðina. Í kærunni segir á þessa leið:

„Eins og fram kemur í skýrslu tollgæslunnar, virðist hin innflutta bifreið vera af gerðinni Opel Commadore, en ekki af gerðinni Opel Rekord, eins og innflytjandi segir hana vera í aðflutningsskýrslu sinni. Þá fullyrðingu styður hann með skjölum, sem ekki verður séð annað en séu fölsuð.“

Á aðflutningsskýrslu þeirri, sem innflytjandi lagði fram yfir Opel Rekord bifreiðina, var ekki reiknað með réttu gengi miðað við innlagningardag skýrslu, og aflhemlar voru ekki með í grunnverði bifreiðar. Sást tollgæslunni yfir aflhemlana við fyrstu skoðun bifreiðarinnar. Af þessum ástæðum hefur tollgæslan endurreiknað aðflutningsgjöld af bifreiðinni eins og hún væri Opel Rekord og fær þá út fjárhæðina 501.121. Einnig hefur tollgæslan reiknað út aðflutningsgjöld af bifreiðinni sem Opel Commadore. Nema þá aðflutningsgjöldin kr. 593.546. Mismunur er kr. 92.425. Fylgja þessir útreikningar á sérstaklega gerðum skoðunar- og aðflutningsskýrslum.“

Í skýrslu tollgæslumannanna Bjarna Sverrissonar og Jóhanns Ögmundssonar, sem dagsett er hinn 8. sama mánaðar, segir svo:

„Þriðjudaginn 8/10 1974 fengum við undirritaðir í hendur aðflutningsskýrslu (innf. no. 61816) um bifreið, sem þar var sögð vera af gerðinni Opel Rekord L, árgerð 1971.“

Við skoðun á bifreiðinni kom eftirfarandi í ljós:

Erlent skrásetningarnúmer : 665 Z — 3990

Grindarnúmer : 195101939

Vélarnúmer : 25S — 0099387

Aukahlutir: Sjálfskipting, aflhemlar, vinyltoppur og hitari í afturrúðu.

Bifreiðin er með 6 cyl. bensínvél.

Við athugun á skjölum þeim, er fylgdu aðflutningsskýrslunni, kom í ljós, að svo virðist sem tegundarheiti bifreiðarinnar hafi verið breytt í „Rekord“ og eitthvað annað verið strokað burt. Virðist þetta hafa verið gert á tveim stöðum (bls. 4 og 7) í hinu erlenda skoðunarvottorði svo og á kaupsamningi og reikningi fyrir bifreiðina. Tilgreint er á bls. 7 í skoðunarvottorðinu, að liðum 5a, 9 og 10b (bls. 4) hafi verið breytt, en engum öðrum.

Við athugun á plötum með tegundarheitum kom í ljós, að svo virðist sem borað hafi verið aukagat til þess að koma fyrir annars konar plötum en þeim, sem voru á bifreiðinni í upphafi.

Haft var samband við umboðið fyrir bifreiðar af þessari tegund til þess að fá úr því skorið, hvort um rétta gerð væri að ræða. Eftir þeim upplýsingum, sem í skoðunarvottorðinu fyrir bifreiðina eru, var okkur tjáð, að þessi bifreið væri af gerðinni Opel „Commodore“, en ekki Opel „Rekord“.

Samkvæmt aðflutningsskýrslu fyrir bifreiðina, dags. 7. október 1974, er ákærði hefur undirritað, kom hún með m/s Írafossi til Reykjavíkur 24. september sama ár. Bifreiðin kom frá Kaupmannahöfn, og var farmskrárnúmer 923. Hún er gefin upp sem Opel Rekord sedan, sögð notuð og eiga að vera til eigin nota. Brúttóþyngd bifreiðarinnar er talin 1000 kg, og framleiðsluland er Vestur-Þýskaland. Fob verð í erlendri mynt er DM 5689.40, en kr. 256.378 í íslenskum krónum, flutningsgjald kr. 38.137, vátryggingarkostnaður kr. 2.945 og tollverð því kr. 297.460. Taxti er 90% og tollur kr. 267.714. Bifreiðaskattur er 35%, eða kr. 104.111, gúmmígjald 1.800 kr. og sölugjald 20.9%, eða 117.556 kr., en gjöld alls kr. 491.181. Af hálfu tollgæslunnar hefur verið skráð á aðflutningsskýrsluna „Opel Rekord. Sjálfskiptur, vinyltoppur, hituð afturrúða, aflhemlar, 5 dekk 590x13.“ Í stimpli þar fyrir neðan er dagsetning vöruskoðunar 7. október 1974.

Verða nú rakin skjöl þau, er fylgdu aðflutningsskýrslu. Samkvæmt skýrslu um bifreiðalýsingu, dags. 7. október 1974, er bifreiðin talin „Opel Rekord sedan“ af árgerð 1971, græn og svört að lit. Eigi er unnt að lesa, svo óyggjandi sé, hvaða þyngd er gefin upp. Verksmiðjunúmer er 195101939 og vélarnúmer 0099387. Hestorkutala vélar 120. Þungi hjólbarða 40 kg, stærð að framan 590x13 og sama stærð að aftan. Í athugasemd tollvarða er skráð „Opel Rekord S. Vinyltoppur, hituð afturrúða, 5 dekk 590x13, sjálfskipting og aflhemlar.“

Í kvittun frá Sameinaða gufuskipafélaginu h/f, dags. 12. sept-

ember 1974 í Kaupmannahöfn, segir, að umrædd bifreið sé Opel Rekord af árgæði 1971, 1000 kg. að þyngd.

Samkvæmt farmskírteini fyrir bifreiðina dags. 18. september 1974 er hún talin Opel Record af árgæði 1971.

Í afriti af kaupsamningi, er ákærði afhenti töllyfirvöldum, segir, að ákærði hafi keypt bifreiðina 16. maí 1974 hjá firmanu MAHAG Münchener Automobil Handel KG 8 München, Schleibingerstrasse og hafi heildarverðið ásamt skatti numið alls DM 5.950. Tegundarheiti virðist hafa verið máð út og Rekord skrifað ofan í. Er hið sama að segja um reikning frá fyrirtækinu yfir kaupin.

Leitað var til Interpol í Wiesbaden í Þýskalandi og beiðst könnunar á máli þessu. Segir svo í bréfi Interpol, dags. 14. nóvember 1975:

„Fyrirspurnir rannsóknarlögreglunnar í München hafa leitt í ljós, að Opel Commodore bifreið var örugglega seld Þórðarsyni. Við athugun á verslunarskjölum fyrirtækisins MAHAG í München virðist tegundarheitið „Opel Commodore“ tilgreint í sölusamningi og vörureikningi. Hjalagt eru afrit af umræddum skjölum. Ennfremur vitum við, að Opel Rekord bifreiðir eru búnar 4 cylindra vélum, en Opel Commodore bifreiðar eru búnar 6 cylindra vélum.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ætti Commodore bifreiðin, sem Þórðarson flutti inn að vera búin 6 cylindra vél.“

Samkvæmt afriti (ljósriti) af sölusamningi frá fyrirtækinu er skráð sem tegundarheiti á bifreið ákærða „Commodore Automatic“, og á vörureikningi stendur „Commodore“.

Við athugun á skoðunarvottorði virðist svo sem tegundarheiti hafi verið strokað út og Rekord vélritað í staðinn.

Mariu Bergmann skriftarfræðingi var falið að rannsaka skjöl þessi, og segir svo í greinargerð hennar, dags. 23. ágúst sl.:

„Skv. beiðni sakadóms Reykjavíkur hefi ég athugað eftirtalin skjöl í sakadómsmálinu — Ákærvaldið gegn Andrésí Þórðarsyni —

a) Ljósprentað eintak af kaupsamningi (Kaufantrag) frá MAHAG MÜNCHENER AUTOMOBIL-HABERL KG 8 MÜNCHEN 80, Schleibingerstrasse, (dskj. nr. XIX dags. 9/8 '76).

b) Afrit af sama kaupsamningi (dskj. nr. VIII dags. 9/8 '76).

1. Á ofanefndum eintökum kaupsamnings þessa kemur í ljós nákvæmlega sami texti og útfylling upplýsinga um viðkomandi bifreið, að undanskildu því, að þar sem stendur Commodore — Automatic á hinu ljósprentaða eintaki

(dskj. XIX) hefur á sama stað á afriti nefnds kaupsamnings (dskj. VIII) verið strokað út það, sem í fyrstu hefur verið ritað, og orðið Record ritað í þess stað, mjög laust.

c) Ljósprentað eintak af reikningi (Rechnung nr. 713939) frá ofan nefndu fyrirtæki í Þýskalandi (dskj. nr. XVIII dags. 9/8 '76).

d) Annað ljósprentað eintak af sama reikningi (dskj. nr. VII dags. 9/8 '76).

2. Upplýsingar þær, sem vélritaðar hafa verið á báða ofan nefnda reikninga, eru þær sömu að undanskildu því, að á öðru ljósprentaða eintakinu (dskj. nr. VII) hefur það, sem stendur á eftir orðinu Ausführung, verið strokað út og orðið Record sett í staðinn. Á ljósprentaða eintakinu (dskj. nr. XVII) þar sem stendur Ausführung Commadore, hefur ekkert verið strokað út.

e) Skoðunarvottorð (Kraftfahrzeugbrief) (dskj. nr. XIII dags. 9/8 '76).

3. Á blaðsíðu 4, dálk 2 í ofan nefndu vottorði, hefur verið strokað út af línunni, sem á að útfyllast með upplýsingum um tegund viðkomandi Opel bifreiðar, og orðið Record vélritað þar síðar. Einnig hefur á bls. 7 í ofan nefndu vottorði verið gert hið sama. Sama ritvélin hefur verið notuð í báðum þessum tilfellum.

4. Ekki hefur verið notuð sama ritvél við breytingarnar á dskj. XIII og dskj. VII.

Dómurinn fól Bifreiðaeftirliti ríkisins að skoða margnefnda bifreið. Önnuðust bifreiðaeftirlitsmennirnir Hreinn M. Björnsson og Guðjón Guðmundsson skoðunina, og segir svo í skýrslu þeirra um hana, dags. 26. nóvember 1976:

„Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 10/8 1976, þar sem bifreiðaeftirlitinu er falin skoðun á Opel bifreið með grindarnúmeri „101939“, sem er í vörslu tollgæslunnar í Reykjavík, sendum vér undirritaðir bifreiðaeftirlitsmenn skýrslu þessa varðandi skoðun á bifreiðinni.

1. Á loki farangursgeymslu bifreiðarinnar er merkið „Record 1700“. Á báðum frambrettum neðarlega aftan til eru merkin „Record“. Undir vélarhlíf er grindarnúmerið 195 101 939 höggvið í til þess gerða álplötu, ásamt einkenninu „Record“ og upplýsingum um hámarkspunga á framás (755 kg), hámarkspunga á afturás (860 kg) og mesta heildarþunga (1605 kg) einnig litarnúmer.

2. Á álplötunni undir vélarhlíf er tegundarheitið „Record“

höggvið í plötuna með annarri stafagerð en önnur einkenni á plötunni. Einnig vantar bókstafinn C, sem þar á að vera á eftir einkenninu „Record“ og táknar t. d. sporvidd og fleira. Platan er hnoðuð með draghnoðum af annarri gerð en plata við hliðina, sem hefur aðrar upplýsingar að geyma. Platan kynni að hafa verið höggvin af, slegin út, þar sem „Record“ er höggvið í, síðan slípuð og „Record“ einkennið höggvið á í stað „Commodore“ og hún síðan hnoðuð á aftur að því loknu. Merkið á farangursgeymsluloki er þannig úr garði gert, að undir því er límband, sem hylur göt eftir annað merki, og ný göt hafa verið boruð fyrir núverandi einkenni. Á „Opel Record“ eru engin merki á fram-brettum frá framleiðanda.

3. Í téðri bifreið er 6 strokka hreyfill, en „Record“ er einungis framleiddur með 4 strokka hreyfli, en „Commodore“ aftur aðeins með 6 strokka hreyfli. Vélarnúmerið 225500 99387 getur ekki átt við vél í „Opel Record“ samkvæmt upplýsingum frá Grétari M. Hanssyni hjá véladeild S.Í.S. Vatnskassahlíf áður nefndrar bifreiðar er af „Commodore“ gerð, einnig listar á hurðum og brettum. Á „Record“ eru engir slíkir listar frá framleiðanda. Stýrishjól er af þeirri gerð sem er í „Commodore“ og gjörólíkt „Record“ stýrishjóli. Hraðamælir í „Record“ sýnir hámarks-hraða 200 km, en í „Commodore“ 220 km á klukkustund. Sá síðarnefndi er í umræddri bifreið. Í bifreið af „Record“ gerð er mælaborð í kring um mæla klætt með grófu, upphleyptu efni, svörtu að lit. Mælaborð „Commodore“ er aftur klætt með viðarlíki, og svo er um borðið í umræddri bifreið. Þegar gerður er samanburður á áspunga, sem greiptur er í einkennisplötu frá framleiðanda, kemur í ljós, að tölurnar á plötunni í bifreið þeirri, er við skoðuðum, eiga við bifreið af „Commodore“ gerð, en ekki af „Record“ gerð. Sem dæmi: Opel Record, framás 700 kg, afturás 880 kg, heildarþungi 1580 kg. Commodore: Framás 755 kg, afturás 860 kg, heildarþungi 1605 kg.

Samkvæmt töflu frá „AB Svensk bilprovning“ byrja grindarnúmer á „Record“ á einhverjum eftirtalinna tölustafa í árgerðum '69—'71, 11, 12, 16, 17, 18, 64, 65, 66, 67. Á sömu árgerðum af „Commodore“ byrja númerin á 13, 14, eða 19. Á „Record“ yrði þá númerið t. d. 114 275 320. Á „Commodore“ hins vegar t. d. 194 275 323.

Á árgerðunum 1972 breytist þriðji stafurinn þannig, að í stað tölunnar 4 kemur talan 5. Áðurgreint grindarnúmer á bifreið-

inni er 195 101 939 og gæti því bifreiðin verið „Commodore“ af árgærd 1972, en ekki af árgærd 1971.“

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi verið á ferð í Þýskalandi árið 1974 og farið á bílasölur í leit að bifreið. Uppgötvaði hann sjálfur bílasöluna Mahag í München, þar sem hann keypti bifreið þá, er að framan greinir. Kona ákærða var með honum á ferðalaginu, en ekki aðrir. Ákærði ákvað að kaupa bifreiðina daginn áður en samningurinn var undirritaður. Þegar hann kom á bílasöluna til að ganga frá kaupunum, höfðu öll skjöl verið útbúin, og undirritaði hann þau þar. Ákærði tók við bifreiðinni strax og greiðslan hafði farið fram. Ekki varð ákærði var við það, að samningurinn væri leiðréttur, áður en hann undirritaði hann. Það var ekki nefnt þegar samningurinn var gerður, að um Opel Rekord væri að ræða. Ákærði kveðst hafa skoðað bifreiðar þær, sem voru til sölu. Voru þær allar verðmerktar. Valdi ákærði þá bifreið þessa úr, þar sem peningar þeir, sem hann hafði til bifreiðakaupanna, voru nægir. Ákærði kveður hafa staðið á hlið bifreiðarinnar Opel Rekord, og eins stendur það aftan á henni. Ákærði telur sig hafa lesið lauslega samninginn, en hann var eins úr garði gerður og samningurinn, er ákærði afhenti. Hið sama er að segja um reikninginn. Ákærði fékk skoðunarvottorðið með bifreiðinni, en leit ekkert á það. Ákærði skoðaði vél bifreiðarinnar, áður en kaupin voru gerð, og var ljóst, að hún var 6 cylindra. Opel Rekord bifreið sú, er ákærði átti, var 4 cylindra, en það var fimm manna bíll. Ákærði fór með bifreiðina til Danmerkur og var þar við störf í 4 mánuði hjá Flugfélagi Íslands. Ákærði hafði bifreiðina í sínum vörslum, á meðan hann dvaldist í Danmörku, og notaði hana. Hafði hún skrásetningarmarkið 6657 3990. Hið sama er að segja um skjöl varðandi bifreiðina, ákærði hafði þau alltaf í sínum vörslum, uns hann afhenti þau hér heima. Hefur því enginn haft aðstöðu til að breyta þeim. Ákærði neitar að hafa breytt skjölunum. Honum voru kynnt skjöl, er Interpol aflaði, en samkvæmt þeim hefur hann keypt Opel Commodore bifreið með 6 cylindra vél. Ákærði kveðst engu að síður halda fast við framburð sinn. Hann neitar að hafa breytt nokkrum merkjum á bifreiðinni og sé hún með sömu merkjum og þegar hann fékk hana í hendur. Ákærði kveðst ekki hafa athugað, hvort grindarnúmer og vélarnúmer, sem í samningi greinir, séu þau sömu og eru á bifreið þeirri, er hann keypti. Hann andmælir því ekki, að bifreið sú, er hann flutti inn sé Opel

Commodore, en þó geti hún alveg eins að sínu viti verið Opel Rekord. Hann hafi talið sig vera að flytja inn Opel Rekord bíl, en ekki Opel Commodore. Ákærði kveðst hafa heyrt, að Opel Rekord bifreiðar með 6 cylindra vél séu í akstri hér á götunum. Ingólfur Guðmundsson, Fornhaga 19, starfsmaður hjá Flugfélagi Íslands, skrifaði aðflutningsskýrsluna fyrir ákærða og fór við það eftir gögnum þeim, er að framan greinir, er ákærði afhenti honum. Ákærði undirritaði skýrsluna og afhenti tollgæslunni hana ásamt kaupsamningi, reikningi, skoðunarvottorði og skjölum frá Eimskipafélaginu. Ingólfur hafði engin afskipti af kaupum á bifreiðinni og sá hana aldrei. Vissi hann ekki, að í henni voru aflhemlar, vinyltoppur, sjálfskipting og hituð afturrúða. Þar sem þetta var í bifreiðinni, datt ákærða ekki í hug, að þyrfti að tilgreina það sérstaklega í aðflutningsskýrslunni, og sagði Ingólfi því ekki frá því. Verð bifreiðarinnar var eins og greinir í kaupsamningi, og fékk ákærði gjaldeyrisleyfi til kaupanna.

Ákærði öðlaðist flugvirkjaréttindi í Bandaríkjunum árið 1960. Hér heima fékk hann sveinsbréf í iðninni 1964 og nokkrum árum síðar meistararéttindi. Ákærði hefur alla tíð starfað hjá Flugfélagi Íslands. Ákærði hefur haft ökuréttindi frá því árið 1957. Hann hefur ekki tekið meirapróf. Ákærði kveðst hafa átt Opel Rekord bílinn á árunum 1961—1963, en Opel Commodore hefur hann aldrei átt.

Ingólfur Guðmundsson, er að framan greinir, kveðst hafa tekið við ljósriti af samningi hjá ákærða um kaup á Opel Rekord bifreið, ljósriti af reikningi yfir kaupin og skoðunarvottorði, en ákærði hafði beðið hann að útbúa fyrir sig aðflutningsskýrslu vegna innflutnings á bifreiðinni. Ingólfur man ekki, hvort hann skoðaði gögnin okkuð, en hann kveðst hafa ætlað að gera þetta, vegna þess að hann sé alltaf í tollinum. Ingólfur kveðst hafa fengið Jóhann Ögmundsson tollgæslumann til að útbúa skýrsluna fyrir sig, en ákærði hafi svo skrifað undir hana. Að öðru leyti hafi hann ekki komið nálægt máli þessu og bifreiðina hafi hann aldrei séð.

Útreikningar tollgæslunnar hinn 8. október 1974 á bifreið ákærða miðað við Opel Rekord bifreið, 4 dyra sedan, eru sem hér segir: Mynt og gengi DM 4.540.25, fob verð í erlendri mynt 5.766, fob verð í ísl. kr. 261.791, flutningsgjald kr. 38.137, váttrygging kr. 2.995, tollverð kr. 302.923, taxti 90% og tollur því kr. 272.631, bifreiðaskattur 35%, kr. 106.023, gúmmígjald kr. 1.800, söluskattur kr. 120.667 og gjöld alls því kr. 501.121.

Sé miðað við Opel Commodore eru útreikningar á þessa leið: Mynt og gengi DM 4.540.25, fob verð í erlendra mynt 6.986.20, fob verð í íslenskum kr. 317.191, flutningsgjald kr. 37.173, váttrygging kr. 4.508, tollverð kr. 358.872, taxti 90% og tollur því kr. 322.985, bifreiðagjald 35%, kr. 125.605, gúmmígjald kr. 2.025, söluskattur kr. 142.931 og gjöld alls því kr. 593.546.

Mismunur á þessu er kr. 92.425, sem ákærði er talinn hafa ætlað með framangreindu atferli að fá reiknað út lægra aðflutningsgjald en ella hefði átt að vera.

Með málsvörn lagði ákærði fram svohljóðandi vottorð frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, dags. 1. febrúar 1977, undirritað af Rúnari Guðmundssyni og Sigþóri Steingrímssyni.

„Að beiðni Andrésar Þórðarsonar skoðuðum við undirritaðir bifreiðaeftirlitsmenn bifreiðina R-4137, Opel Rekord caravan, árgerð 1967. Við skoðun kom í ljós, að bifreiðin er með sex cylindra vél og ber vélarnúmer í spjaldskrá saman við vélarnúmer á vél bifreiðarinnar.“

Niðurstöður.

Við samanburð ljósrita frumskjala, er Interpol aflaði, og skjala þeirra, er ákærði afhenti tollgæslunni, kemur fram, að tegundarheiti bifreiðar ákærða hefur verið breytt úr Opel Commodore í Opel Rekord. Hliðstæðar breytingar hafa og verið gerðar á bifreiðinni sjálfri skv. skoðunargerð Bifreiðaeftirlits ríkisins. Ákærði hafði bifreiðina einn í sínum vörslum svo og skjöl varðandi kaupin á henni, eftir að þau fóru fram, og virðist því ekki öðrum til að dreifa en honum í þessu sambandi. Ber að hafa í huga, að ekki verður séð, að nokkur geti hafa haft hagsmuni af því að gera breytingar þessar á bifreiðinni og skjölum hana varðandi í því skyni að láta líta svo út, að hún sé af verðminni tegund, nema ákærði sjálfur í sambandi við innflutning hennar. Þá athugast, að ákærði er flugvirki og hefur áður átt Opel Rekord bifreið að eigin sögn. Lítur dómurinn svo á, að samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sé sannað þrátt fyrir framburð ákærða, að hann hafi breytt sjálfur eða átt hlut að því að breyta tegundarheiti bifreiðarinnar með framangreindum hætti í afriti af kaupsamningi, reikningi yfir kaupverð bifreiðarinnar, skoðunarvottorði bifreiðarinnar og grindarnúmersplötu til að blekkja tollyfirvöld, en skjölin afhenti ákærði ásamt aðflutningsskýrslu, er bifreiðin var komin hingað til lands, og að blekkingin hafi verið gerð í því skyni að fá kr. 92.425 lægri aðflutningsgjöld útreiknuð af bifreiðinni en vera átti.

Þetta atferli ákærða varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 63. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Þá greiði ákærði 50.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómarinn fékk mál þetta í hendur eftir útgáfu ákæru og ber ekki ábyrgð á rekstri þess fyrir þann tíma. Síðan hefur verið aflað nýrra gagna, og var gagnaöflun lokið 21. desember sl.

Dómsorð:

Ákærði, Andrés Þórðarson, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, verði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Þá greiði ákærði 50.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.